

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 225/1978 um heilbrigðismál.

1. gr.

2. gr. liður a) orðist svo:

- a) Reykjavíkurbérað. Borgarstjórn kýs 7 fulltrúa óhlutbundinni kosningu. Stjórnir effirtalinnna stofnana tilnefna úr sínum hópi einn fulltrúa hver: Landspítali, Landakotsspítali, Kleppsspítali, Hjúkrunardeild Hrafnistu, Hjúkrunardeild Grundar, Gistiheimili Rauða Kross Íslands og Sjúkrastöð S. Á. Á. að Silungapólli.

2. gr.

2. gr. liður h) orðist svo:

- h) Reykjaneshérað. Stjórnir heilsugæslustöðvanna í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Seltjarnarnesi svo og sjúkrastofnananna Vífilsstaðaspítala, St. Jósefsspítala Hafnarfirði, hjúkrunardeildar Sólvangs í Hafnarfirði, Kópavogshælis, Skálatúns, Tjaldaness og vistheimilanna að Víðinesi og Hlaðgerðarkoti skulu eiga einn fulltrúa hver úr sínum hópi. Stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á Reykjalandi og í Keflavík skulu eiga einn úr sínum hópi fyrir hvern stað.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. gr. 4. tl. laga nr. 57 frá 20. maí 1978 um heilbrigðisþjónustu og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um álagningu B gatnagerðargjalda við byggðar götur í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald þetta er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

Gjaldið skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	1.4%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.5%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.0%
Opinberar byggingar	2.0%
Önnur hús og byggingar	1.0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en sem svarar stærð 250 m³ húsnæðis.

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, reiknaðri af Hagstofu Íslands 1. nóvember ár hvert.

4. gr.

Þar sem ákveðið er að innheimta gjald skv. 2. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu, sem í gildi var þegar verkið var framkvæmt.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 2. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

6. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eignum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal hreppsnefnd heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, enda sé ákvörðuninni þinglýst á viðkomandi fasteign.

7. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Miðneshrepps.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 144.22 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.